

Fundur 4.11.2019 Haukur Sigtryggsson

Þorsteinn Guðjónsson, við reynum að koma að öðru sambandi og áður en fundi er slitið verið þið sæl.

*Já vertu sæll.*

Heilir og sælir gömlu félagar, mikið var að ég fengi að heyra í ykkur aftur, Haukur Sigtryggsson.

*Vertu velkominn.*

*Hress og öflugur ?*

Já, ég get sagt að ég hef saknað ykkar he he, og ættingjanna, sendi þeim bestu kveðjur.

Ég varð svo snemma hress hér að ég hélt að það ætti aldrei að koma að mér, ég er fyrir löngu farinn að hlaupa hér um eins og unglamb.

*Með báða fætur góða ?*

Já, það er nefnilega það, með báða fætur góða.

*Já, þú ert kannski farinn að hlaupa fram úr þér ?*

Já svo sannarlega.

*Og hleypur um grónar grundir eins og sagt er ?*

Já, já já, og það voru mér þó mikil viðbrigði og ég þegar ég fann ellihrumleikann magnast þá fór ég nú oftar að hugsa til konunnar minnar og fór svona að velta því fyrir mér hvort að ég fengi að reyna þetta allt saman sjálfur sem ég hef heyrt á fundunum með ykkur og hvort það væri nú allt saman satt eða ekki.

Og að sumu leiti kom þetta mér ekki á óvart, en að öðru leiti þá var ég ekki viðbúinn, því það er æfinlega, ég býst við að það sé æfinlega ólýsanleg lífsreynsla að anda að sér andrúmslofti nýs hnattar og finna fótsporin á framandi jörð og finna hvernig þyngdaraflið leikur mann ekki jafn grátt.

Þið afsakið ef ég dett út, það er búið að magna mig hér fyrir fundinn og gæti ég þetta aldrei af sjálfsdáðum þótt magnaður sé orðinn á nýrri jörð.

*Þú hefur lent á réttum stað ?*

Já já ég efast ekki um það, kunningjarnir, fjölskyldan, ég hélt að mér tækist þetta svo vel, en orkan er fljót að dvína, Dungal er hér nálægt mér og lækarnir, þurfti ekki að vera lengi hjá þeim.

Hvað kom þér mest á óvart við umskiptin ?

Það er birtan he he, það er einhvern veginn öðru vísi sólarljósið og þetta er allt saman frekar framandi, en samt ekki þannig framandi að ég hafi orðið stórlega hissa, en

*Þið þurfið ekki að hugsa um nein kolefnisspor þarna hinu megin ?*

Nei það er víst búið að koma því í lag fyrir langa löngu hinu megin, ég kann nú ekki að nefna það allt, en það er einmitt einhver tækni, ég var að hugsa einmitt um það sama, ég var að tala við kunningja minn hér, sem vildi svo gjarnan við ykkur tala, gamlan Nýalssinna og hann lofar að koma fljólega ef þið haldið þessu áfram, Gunnar Hjörvar, hann var að minnast á það einmitt hvað bílarnir eru fljótir í förum, þeir nota einhvers konar eldsneyti sem skilar sáralitlu í umhverfið.

Og þeir segja mér að segja ykkur að það taki tíma að magna fundina upp að nýju svo þeir gangi greiðlega.

En segðu dætrunum að við skynjum til þeirra bæði tvö og barnabörnin og spurðu þau hvort þau hafi ekki stundum dreymt framandi umhverfi og andlitin á ömmu og afa og hvort þau séu ekki sæl og glöð hér í framlífinu he he, ég held að þau skilji það, ég er nokkurn veginn viss um að þau hafi dreymt okkur.

Já og ég vona að þeim líði öllum vel og áður en ég hverf úr sambandinu, það kom mér svo skemmtilega á óvart, það sem ég hafði haft svo þungar áhyggjur af, þegar ég fékk sambandið við hana Unni mína, að mér fannst hún ekki muna allt, en það kemst ekki allt í gegnum miðlana.

Hún er hér í fullu fjöri, ekkert síður en ég og ég get sagt ykkur meira, þessi ólukku sjúkdómur lék hana mjög grátt, en það sem ég vildi segja ykkur hér sérstaklega og koma til skila til fjölskyldunnar að við höfum rifjað upp löngu gleymda atburði og eftir því sem við höfum verið hér lengur saman, og samstillst betur, höfum við, hugurinn er allur kominn á flug og líka líkamarnir og þar rifjast upp sem var orðið gleymt, þegar sjúkdómur hennar herjaði á hana og ég var tekinn að eldast mjög hjá ykkur.

Já það var þetta sem ég vildi koma á framfæri og ég

*Öll reynsla geymist ?*

Já, hafði áhyggjur af þessu, já það er svo margt sem ég vildi við ykkur segja, en þetta er nú svo lítið eins og hjá ykkur, mér finnst ég nú vera í fullu fjöri og geta hoppað upp um fjöll og firnindi enn þá, en ég finn fyrir þreytu í sambandinu og það er eins og það er eins og veggur á milli, og það er kannski ekki skrítið, með fjarlægðirnar í huga.

En ég veit að þetta kemst til skila, þetta sem ég sendi kveðjur til fjölskyldunnar og til ykkar allra og vinur minn sem kom hér í gegn, hann hefur sína alla fingur í lagi og ánægjuefni að sjá það með eigin augum.

Já og það sem kom mér kannski mest á óvart og ég hafði gleymt frá því á æskudögum, hvað lungun í manni þreytast með aldrinum og þótt maður haldi fullum sönsum og andlegu atgerfi, þá finnst mér ég vera orðinn ungur að nýju og allt gengi hraðar fyrir sig aftur.

Já þið skiljið hvað ég er að fara, ég get víst ekki haft þetta mikið lengra að sinni, en

*Við þökkum þér innilega fyrir Haukur að koma í sambandið.*

Þið vitið að ég verð ekki fjarri ykkur er þið náðið aftur fljótlega, þótt ég ná ekki alltaf í gegn, þið vitið að ég fylgist með ykkur og reyni að aðstoða eftir megni, þótt ég sé kominn langt í burtu.

Ég bið að heilsa öllum og ég

*Við heyrumst síðar.*

Já ég átti að skila því frá honum Sveini að þegar væri búið að finna rétta menn í kringum miðilinn, hljóti þetta að komast aftur í fullan gang og vil ég einnig skila því frá honum Sveini að þeir hafi miklar fyrirætlanir með Þorstein Víking sumuleiðis, vilja senda honum bestu kveðjur og magna hann sumuleiðis til miðilsstarfa og hvern þann sem hefur áhuga og vilja til að gefa sig að þessu starfi, munum við óska þeim öllum góðs gengis.

Vil ég nú kveðja ykkur og þakka fyrir og reyni að koma sem oftast, verið þið sæl.

*Vertu sæll Haukur og þakka þér fyrir.*